

161 Hýsi fjáreigandi sjúkt eða grunað fé með aðkeyptum líflömbum, missir hann
18. sept. rétt til allra bóta vegna fjárskiptanna.

Nú komast aðflutt líflömb saman við fé á bæjum, sem ekki hefir verið skorið niður á, og skal þess þá gætt, að þau séu ekki rekin í hús. Sé það gert, skal sá, er það gerir, sæta sektum og auk þess bæta eiganda lambanna þau að fullu, en eiganda er óheimilt að taka þau heim.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 14 15. maí 1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

162

19. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. desember 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Í stað orðanna: „eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna“ í lok 1. mgr. 5. greinar, komi: Greiðslum erlendis í þarfir bankanna eða greiðslum erlendis fyrir vörum, sem heimilt er að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, samkvæmt 8. og 9. lið 1. greinar, enda séu bönkunum afhent innflutningsvottorð um vörur þessar staðfest af tollstjóra, nema um sé að ræða greiðslur gegn farmskirteinum.

2. gr.

- Eftir 7. lið í 12. grein, koma tveir nýir liðir, 8. liður og 9. liður, svo hljóðandi:
8. Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitigrjón (semiliugrjón), hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, hrísmjöl, sagógrjón, sagómjöl, bankabygg, matbaunir, kartöflumjöl, sitrónur, kol, salt, brennsluolíur, smurningsolíur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð og tímarit.
 9. Fóðurmjöl, maisenamjöl, hveitistöngla (maccaroni).
Kaffi, the, cacao, sykur, sykurkvoðu (syrop).

Eftirtalдар smávörur til fata:

Tvinna, hnappa, tölur, krókapör, smellur, nálar, prjóna, teygjubönd, bendla. Skófatnað úr gúmmi og striga.

Timbur, húsaplötur, sement, kalk, þakjárn, þakhellur, steypustyrktarjárn, smíðajárn, stál, galvaniserað slétt járn, blikk, látun, blý, zink (í plötum og stöngum), miðstöðva- og hreinlætistæki til bygginga, vatnsleiðslutæki og vatnsdælur, saum, skrúfur, rúðugler, linoleum, gúmmi á stiga, veggfóður, panelpappa,

maskínupappír, þak- og gólfpappa, fernisolíu, kitti, lím, kolaeldavélar, eldfastan stein og leir, kolaofna, þvottapotta með eldstæði, tjöru, bik, terpentínu, þurrk-efni. Fiskinet allskonar, netagarn, netasteina, netakúlur, netakork, fiskilínur, öngla, öngultauma, hamp, hampgarn, kaðla, snæri, fiskábreiður (presenningar), seglastriga (canvas), fiskikörfur, vélátvist, veiðarfæralit, tómar tunnur og hluti í þær, vítisóða, akkeri og önnur legufæri skipa, togvira, veiðarfæralása og blakkir, áttavita, skriðmæla, björgunarhringa, björgunarbelti.

Kjötpoka, merkimiða, plóga, herfi, ljái, ljáblöð, brýni og hverfisteina, baðlyf, blástein, hóffjaðrir, skilvindur og strokka, girðinganet, girðingavír, girðingastólpa.

Mótorvélar, dekkspil, varahluti í mótorvélar og dekkspil, varahluti í bifreiðar og vagna, vélareimar, sauma- og þrjónavélar og varahluti í þær.

Skóflur, kvíslar, jarðhaka, bátshaka, olíulampa, olíuvélar, olíuluktir og tilheyrandi, brúsa, fötur, katla (til suðu), potta (til suðu), pönnur, þvottabala.

Eftirtalдар efnivörur til smjörlikisgerðar:

Kokosfeiti, jarðhnetuolíu, soyuolíu, baðmullarfræsolíu, pálmafeiti, herta hvalfeiti.

Eftirtalдар efnivörur til sápugetar:

Sóða, kalí, kokosfeiti, paraffinvax, pottösku, soyuolíu, línolíu.

Chicoriurætur til kaffibætisgerðar.

Hjartarsalt, natron, kremortartari, saltþétur.

Þvottasóða, línsterkju, taubláma.

Prentpappír, umbúðapappír, smjörpappír, pergamentpappír til fiskumbúða.

Raflagnaefni, rafmagnsperur, rafhlöður.

Lyfjavörur, sem talðar eru í skrá í Stjórnartíðindum 1940 B-deild, 11. apríl, nr. 74, sáraumbúðir.

Litunarefni, kolsýru, ammoniak.

Þær vörur, sem talðar eru í þessum lið er þó því aðeins heimilt að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, að þær séu fluttar inn frá Bretlandi og eigi að greiðast í sterlingspundum.

3. gr.

Með reglugerð þessari eru numdar úr gildi reglugerð nr. 69 15. maí 1939, um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl. og reglugerð nr. 145 4. ágúst 1939, um breyting á sömu reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. september 1940.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.